

Leiksvæðastefna Reykjavíkur



Verklag

Borgarstjóri skipaði stýrihóp um leiksvæðastefnu í lok árs 2010. Formaður stýrihóps er Stefán Benediktsson.

Með stýrhópnum starfar þverfaglegt teymi sérfræðinga á Framkvæmda- og eignasviði, Skipulags- og byggingasviði, Skóla- og frístundasviði og Umhverfis- og samgöngusviði.

Verkefnisstýra er Margrét Sigurðardóttir landslagsarkitekt FÍLA

Stýrihópurinn stóð fyrir 2 starfsdögum með utanaðkomandi sérfræðingum. Leitað var í miðjur borgarinnar til að fá sem skýrasta mynd af aðkomu sviðanna sem þjónnusta leiksvæðin í borginni. Sumarið 2011 var farið í vettvangskannanir og leiksvæðakönnun. Óskað var viðbragða hverfisráða við megináherslum leiksvæðastefnu. Verkefnið hefur verið kynnt í Umhverfis- og samgönguráði, Hverfisráðum, stýrihóp um endurskoðun Aðalskipulags og vinnuhóp um Hverfisskipulag.



Verkefni stýrihópsins :

Að vinna leiksvæðastefnu fyrir Reykjavík með það að leiðarljósi að leikumhverfi borgarinnar uppfylli þarfir og óskir barna í Reykjavík.

Helstu verkþættir verkefnisins :

Að móta áherslur til framtíðar um hlutverk og uppbyggingu ólíkra tegunda leiksvæða borgarinnar og hvernig þau dreifast um borgina

Að kortleggja leiksvæði barna á vegum Reykjavíkurborgar; staðsetningu, tegund og ástand

Að skoða hvernig núverandi leiksvæði fullnægja þörfum barna um leikumhverfi

Að skipuleggja leiksvæði fyrir gamalt fólk

Að leggja línur um hvernig leiksvæði verði tekin í fóstur af íbúum og félagasamtökum

Að horfa til öryggismála leiksvæða á vegum borgarinnar og hvernig þau verði best tryggð.



Framtíðarsýn



Stefna:

Það er stefna Reykjavíkurborgar að búa íbúum sínum og gestum verðugt, fjölbreytt leikumhverfi sem hvetur til útiveru.

Leiksvæði skulu henta mismunandi aldri.

Áhersla er lögð á heilnæmt og fagurt umhverfi með líffræðilegan fjölbreytileika að leiðarljósi.

Hugað skal að góðu aðgengi fyrir alla.

Með breyttum áherslum verði leiksvæðum borgarinnar fjölgað í 4 meginflokkum :

- Hefðbundin leiksvæði
- Þemavellir
- Andrými
- Hverfisgarðar

Aðgerðir:

Lagt til að farið verði í eftirfarandi aðgerðir :

Heimasíða borgarinnar verði vettvangur upplýsinga og samáðs við notendur.

Unnið verði yfirlitskort með upplýsingum um leiksvæðin.

Unnin verði aðgerðaráætlun og kostnaðarmat.

Sett verði upp stöðug viðhorfskönnun í samstarfi við Skóla- og frístundasvið borgarinnar.

Íbúum og félagasamtökum verði auðveldað að taka svæði í fóstur. Verklagsreglur vegna leiksvæða í fóstur sbr. tillögu sem samþykkt var í borgarráði 8.júlí 2010 verði festar í sessi.

Lögð verði áhersla á faglega aðkomu við mótun leikumhverfis barna í borginni. Gæði verði höfð að leiðarljósi.

Höfð sé hliðsjón af stefnu borgarinnar í gæðamálum (Gæðastefna unnin í tengslum við AR).

Sögu leikumhverfis barna í borginni verði haldið til haga.



Verðugt umhverfi

Samkvæmt erindisbréfi er stýrihópnum falið að skipuleggja *“Leiksvæði fyrir gamalt fólk”*. Niðurstaða umræðna í hópnum er að mikilvægt sé að huga að öllum aldurshópum við hönnun, framkvæmd og útfærslur leiksvæða, reyndar alls umhverfis almennt í borgarlandinu. Þarfar borgarbúa hafa breyst með auknum frítíma eldri kynslóða og eftirspurn eftir svæðum með aðstöðu fyrir fjölbreytta afþreyingu aukist. Sjálfsgagt þykir að kynslóðirnar njóti samvasta. Eftirspurn eftir svæðum með aðlaðandi umhverfi samhliða vakningu um mikilvægi grænna svæða og áhrifa þeirra á lýðheilsu íbúa í þéttbýli eru vísbending um að mikilvægt sé að styrkja málaflokkinn. Því er lögð áhersla á að skapa öllum aldurshópum verðugt umhverfi þar sem komið er til móts við mismunandi þarfir borgaranna til fjölbreyttrar útivistar. Aðkoma sé örugg og áhersla lögð á að svæðin séu aðlaðandi og snyrtileg. Öll svæði skulu taka mið af fjölbreytileika mannlífsins, aðstaða skal vera til að tylla sér og njóta útiveru. Krafa um aðgengi fyrir alla er eðlileg, og ljóst að þar er nokkuð verk óunnið. Góð lýðheilsa og aukin lífsgæði borgarbúa stuðli að líflegri borgarbrag.



Stýrihópnum er auk þess falið *“að horfa til öryggismála leiksvæða á vegum borgarinnar og hvernig þau verði best tryggð.”*

Öryggi á leiksvæðum skal standast reglugerð. Mikilvægt er að tryggja að eftirliti og viðhaldi sé sinnt samkvæmt því. Því er lagt til að hefðbundnum leiksvæðum verði fækkað með það að markmiði að nýta fjármagnið betur í þágu notenda. Með endurskilgreiningu og auknum fjölbreytileika innan málaflokksins gerum við okkur kleift að auka gæði og notagildi umhverfis barna á öllum aldri í Reykjavík.

Starfsemi Skóla- og frístundasviðs fer í auknu mæli fram utan dyra þar sem útikennsla hefur stóraukist, meðal annars með tilkomu Náttúruskóla Reykjavíkur. Mikill áhugi er fyrir fræðslu á grenndarsvæðum og í grenndarskólum. Græn svæði borgarinnar nýtast sem vettvangur í slíkri starfsemi og mikilvægt að gert sé ráð fyrir að aðstaða sé til staðar til að athafna sig með hópa í skipulagðri starfsemi.

Í vettvangsathugun sem unnin var sumarið 2011 kom skýrt fram að huga þarf betur að aðstöðu fyrir unglingana.



Lykilatriði :

Aðstaða og búnaður taki mið af öllum aldurshópum.

Samvera kynslóðanna, fjölskyldu og vina verði höfð að leiðarljósi við hönnun og útfærslur.

Tryggt sé að viðeigandi búnaður sé til staðar.

Leiksvæði borgarinnar séu eðlilegur hluti af grænum svæðum borgarinnar og tengist innbyrðis innan græna netsins.

Leiksvæðin séu eðlilegur hluti af aðstöðu starfsemi skóla- og frístundasviðs

Leiksvæði borgarinnar standist öryggiskröfur samkvæmt reglugerð.

Vel staðsett leiksvæði, hrein, örugg og snyrtileg eru mikilvægur hluti af uppbyggilegu og verðugu umhverfi borgarinnar.

Hugað sé að aðkomu og tengingu við stígakerfi borgarinnar. Þannig sé stuðlað að aukinni notkun svæðanna, þau henti vel sem áningarstaðir, til almennrar útivistar, samveru og hvíldar á ferð um borgarlandið.



Líffræðilegur fjölbreytileiki



Markvisst hefur verið hugað að líffræðilegum fjölbreytileika við leik- og dvalarsvæði borgarinnar. Mikil þróun hefur orðið í ræktun innan borgarlandsins undanfarna ártugi eins og sjá má á gróskunni í höfuðborginni. Við hönnun og val á gróðri hefur verið leitast við að auka hlut ávaxtatrjáa, berjarunna, eðalviða, rósa auk annars gróðurs með það að leiðarljósi að prýða umhverfi borgarbúa. Einnig hefur verið leitast við að stuðla að auknu fuglalífi innan borgarmarkanna. Huga ber að áframhaldandi þróun innan málaflokksins, enda umgjörð leiksvæða mikilvægur hluti af því að skapa skjól, rými og styrkja náttúruupplifun í daglegu lífi barna á öllum aldri. Lögð verði áhersla á gróður sem hluta af búnaði leiksvæða. Fagleg nálgun við hönnun, útfærslur og viðhald er mikilvæg.

Markvisst verði hugað að áframhaldandi þróun innan málaflokksins, enda nýtist umhverfi með fjölbreyttum gróðri vel við leik og störf. Góð aðstaða til útikennslu styrkir starfsemi Skóla- og frístundasviðs í samstarfi við Náttúruskóla Reykjavíkur, grenndarskógar og grenndarsvæði gegna hér einnig mikilvægu hlutverki.



Lykilatriði :

Gróður verði skilgreindur sem búnaður og sjálfsagður hluti af leikumhverfi barna í Reykjavík. Ávinningur af líffræðilegum fjölbreytileika sé lykilatriði við hönnun leiksvæða.

Horft verði til að starfsemi Skóla- og frístundasviðs með notagildi gróðurs sem lykilatriði.

Grasflöt er nauðsyn.


Upplifanir í daglegu lífi, leiðin til og frá skóla eða vinnu getur verið uppspretta uppgötvana, leikja og annarrar samveru sem eru mikilvægir þættir í þroska barna. Umhverfi barna verði gert hátt undir höfði með metnaðarfullri og faglegri nálgun við val á gróðri í borgarlandinu.

Öruggar og aðlaðandi gönguleiðir með verðugu umhverfi hafa áhrif á lífsstíl og lýðheilsu borgarbúa.

Gróður verði skilgreindur sem búnaður.

Hugað sé að fræðslugildi, aðstaða til útikennslu styrki starfsemi skóla- og frístundasviðs.

Margvísleg notkun félaga- og íbúasamtaka.



Hefðbundin leiksvæði

Markmið :

Hefðbundnum leiksvæðum verði fækkað og þeim sem eftir standa tryggt það eftirlit og viðhald sem kveður á um í reglugerð. Áfram verði hugað að fjölbreyttum gróðri til skjóls- og rýmismyndunar. Fjölbreytileiki verði tryggður hvað varðar aðstöðu til leikja. Tryggt verði að aðstaða sé fyrir alla aldurshópa með bekkjum, leiktækjum og öðrum búnaði sem hæfir mismunandi aldri og þörfum notenda. Aðkoma sé örugg og áhersla lögð á að svæðin séu snyrtileg.



Umgjörð og yfirbragð :

Í dag eru á bilinu 250 - 260 leik- og dvalarsvæði í borginni. Markmiðið er að þorri þeirra haldi hefðbundnu hlutverki sínu með lausnum og leiktækjum.

Eigi að síður er framboðið mun meira en eftirspurn þar sem lífsstíll og þarfir borgarbúa hafa breyst mikið síðustu áratugi. Fjöldi svæða og staðsetning gefa víða tilefni til endurskoðunar hvað varðar fjölbreytileika.

Við mótun leiksvæðastefnu er lögð áhersla á að horfa til heildarframboðs innan hverfanna þar sem leik- og grunnskólalóðir, aðstaða til íþróttaiðkunar, útivistarsvæði og skróðgarðar gegna því sameiginlega hlutverki að vera umgjörð og vettvangur borgarbúa til útivistar.

Með endurskoðun málaflöksins er leitast við að tryggja fjölbreytileika samhliða skynsamri nýtingu á þeirri aðstöðu sem til staðar er í hverfunum.

Mikilvægt er að við vinnslu hverfisskipulags sé tekið mið af leiksvæðastefnu, þar sem áhersla er lögð á heildarsýn í hverjum borgarhluta fyrir sig. Við vinnslu aðgerðaráætlunar þarf að hafa víðtækt samráð um hlutverk leiksvæða hverfisins, þar sem tekið er mið af aðstæðum, gæðum, staðsetningu, stærð svæða og þörfum íbúa.

Meta þarf hvert svæði með það að markmiði að efla málaflökkinn samhliða skynsamlegri nýtingu fjármuna.

Leiksvæði í minni kantinum gegni hlutverki andrýma, stærri svæði þróist yfir í að gegna hlutverki hverfisgarðs, með aðstöðu til fjölþættrar starfsemi í anda hverfisins.



Lykilatriði :

Hefðbundnum leiksvæðum í verði fækkað og þau svæði sem eftir standa eflað með faglegri aðkomu við endurhönnun og viðhald.

Hefðbundin leiksvæði verði vel búin fjölbreyttum leiktækjum, aðstaða sé fyrir alla aldurshópa. Áfram verði markvisst unnið með fjölbreytileika í gróðri, þar sem skjól- og rýmismyndun gegna lykilhlutverki.

Sérstaklega verði hugað að öryggiskröfum með fjölbreyttu og skemmtilegu framboði hvað varðar búnað. Öryggiskröfum séu gerð full skil samkvæmt reglugerð.

Aðkoma sé örugg, hugað sé að umferðaröryggi.

Tryggja þarf fjölbreytileika í hverfunum.

Leiksvæðum verði fækkað, þau sem eftir standa verði vel búin viðeigandi búnaði.
Minni svæði þróist yfir í andrými, stærri yfir í hverfisgarða.

Þemavellir

Markmið :

Þemavellir verði áhugaverð og skemmtileg viðbót við hefðbundin leiksvæði. Sérstaklega verði hugað að ferskri hugsun og fjórri nálgun við útfærslur sem gleðja alla aldurshópa. Þemavöllum er ætlað að hafa aðdráttarafl sem áfangastaður fyrir markhópa utan hverfisins.



Umgjörð og yfirbragð :

Tekið skal mið af staðháttum og leitast við að tengja starfsemi sem fram fer í nágrenninu. Til að mynda mætti útbúa svæði á Klambratúni tengt starfsemi listasafnsins á Kjarvalsstöðum, í Hljómskálagarði mætti vísa til starfsemi Hljómskálans eða Listasafns Íslands. Svæði nærri útmörk gæti einkennst af hugmyndafræði sem tengjast grenndarskógum- eða svæðum.

Menningartengd hugmyndafræði og önnur nálgun með nýja sýn á hugtakið leik verði í lykilhlutverki.

Hér er tækifæri til að leika með þemu, tengd ýmiss konar starfsemi, þar sem fræðslu, íþróttum, menningu, listum, útivist og daglegu lífi er gert hátt undir höfði á nýstárlegan hátt.

Barnameningarhátíð, Listahátíð, Menningarnótt, Vetrarhátíð og aðrir viðburðir sem krydda lífið í höfuðborginni mættu gjarnan setja mark sitt á svæði með viðburðum.

Viðhald taki mið af hlutverki og markmiðum þemavalla. Stuðlað verði að sýnileika með kynningu á vettvangi borgarinnar, íbúar og gestir verði hvattir til að gera sér ferð til að upplifa spennandi umhverfi.

Haft verði samráð við hagsmunaaðila og sérstaklega leitast við að virkja áhugasama til að setja mark sitt á útfærslur.

Þemavellir geta verið hluti af hverfisgarði og tengst skipulagðri starfsemi stofnana borgarinnar, félaga- og íbúasamtaka.

Þemavellir geta verið útfærðir í anda liðins tíma, með áherslu á upprunalegt hlutverk ýmissa svæða eins og til dæmis Mæðragarðs, sem útbúinn var með það að markmiði að þjóna mæðrum með ung börn árið 1925.

Við Árbæjarsafn er að finna leiksvæði sem tekur mið af yfirbragði leiksvæða frá fyrri tíð.



Lykilatriði :

Líta ber á þemavelli sem einstök leiksvæði, hér sé sérstaklega hugað að ferskri hugsun og fjórri nálgun við útfærslur sem gleður alla aldurshópa.

Þemavöllum er ætlað að hafa aðdráttarafl sem gerir svæðið áhugavert sem áfangastað fyrir markhópa utan hverfisins.

Þemavellir geti verið vettvangur viðburða tengdum ýmiss konar menningarhátíðum og viðburðum á vegum borgarinnar.

Í hverjum borgarhluta verði að finna í það minnsta einn slíkan.

Þemavellir gæti verið hluti af hverfisgarði.

Leitað verði samstarfs við nærliggjandi menningarstofnanir, félaga- og íbúasamtök.

Dæmi um svæði sem henta fyrir þemavelli :

Austurbergssvæðið, Gufunes, Grundargerðisgarður, Hljómskálagarður, Klambratún, Mæðragarður (í anda upprunalegs hlutverks 1925)

Andrými

Markmið :

Hefðbundnum leiksvæðum verði fækkað og minni svæðum breytt í andrými þar sem áhersla er lögð á einfaldleika. Andrýmin hafi grænt yfirbragð og verði athvarf þar sem njóta má hvíldar, skjóls og sólar í daglegu lífi. Grænt yfirbragð og markviss notkun gróðurs verði einkenni andrýma. Þau verði viðbót í útfærslum á leiksvæða. Á slíkum svæðum opnast fyrir möguleika að leggja áherslu á líffræðilegan fjölbreytileika og huga sérstaklega að frjálsum leik þar sem einnig má njóta hvíldar, koma saman eða eiga gæðastund í daglegu amstri.



Umgjörð og yfirbragð :

Aukin þekking á áhrifum umhverfis á andlega og líkamlega líðan og lýðheilsu borgarbúa, eru rök fyrir aukinni áherslu á grænt yfirbragð borgarinnar. Einfalt yfirbragð, grasflöt, bekkur, líffræðilegur fjölbreytileiki og aðlaðandi umhverfi styrki nágrannasamfélagið sem vettvangur fyrir samkomur og frjálsum leik.


Lítill svæði sem ekki henta sem hefðbundin leiksvæði, ýmist vegna staðsetningar, stærðar eða annarra þátta þróist yfir í svæði með grænt yfirbragð. Mat verði lagt á þróunina við vinnslu aðgerðaráætlunar þar sem heildarsýn er höfð að leiðarljósi við val á þeim svæðum sem fá nýtt hlutverk.

Hugað verði að ræktun berjarunna, eðaltrjáa, rósa, og fjölbreyttum runnagróðri að ógleymdum engja- og blómgróðri sem lífgar upp á umhverfi barna sem alast upp innan borgarmarkanna. Haft verði í huga að leikgildið getur verið mikið í slíku umhverfi. Árstíðaskiptin með haustlitum, sígrænum gróðri, rósailmi og fuglasöng eru kærkomin í fjölbreyttu umhverfi borgarbúa.

Sérstaklega ber að hafa í huga staðsetningu og tengingar að stígakerfi borgarinnar við þróun hefðbundinna leiksvæða í andrými.

Markmiðið með tilkomu andrýma er meðal annars að þau gegni hlutverki áningarstaða þeirra sem nýta sér göngu- og hjóltreiddastígakerfi borgarinnar í daglegu lífi.

Lögð er áhersla á búnað sem hvetur til samveru og tryggir vellíðan notenda. Mikilvægt er að svæðin séu snyrtileg, með fjölbreyttum gróðri sem tekur mið af árstíðaskiptum.



Lykilatriði :

Andrýmin hafi einfalt yfirbragð njóti skjóls og sólar.

Aðkoma verði örugg, útfærslur einfaldar.

Áhersla verði lögð á frjálsum leik í vernduðu umhverfi.

Í þéttbýli er mikilvægt að hafa aðgengi að sameiginlegum grænum svæðum sem veita vellíðan. Megináhersla sé lögð á aðstöðu sem hvetur til samveru.

Svæðin nýtist til hvíldar í dagsins önn. Þetta eru svæðin sem styrkja græna vefinn, þau geta verið áningarstaðir göngu- og hjóltreiddafólks á ferð sinni um borgarlandið.

Dæmi um svæði :

Brekkustígur, ýmis svæði í minni kantinum þar sem svæðin eru þétt, t.d. Árbær, Breiðholt, Mjóstræti, fjölmörg svæði víða í borgarlandinu. Huga að staðsetningu og framboði í hverfinu, heildarsýn mikilvæg.

Hverfisgarðar

Markmið :

Víðs vegar í borginni eru stór leiksvæði, sum staðsett í skráðgörðum þar sem gott rými er til ýmiss konar samveru. Lagt er til að slík svæði verði skilgreind sem hverfisgarðar þar sem féлага- og íbúasamtök og Skóla- og frístundasvið eigi sér vísan stað. Hugað verði að aðstöðu til útikennslu og ýmiss konar starfsemi sem eðlilegt er að fari fram utan dyra. Hverfisgarðar verði vel staðsettir í hverfinu og gegni lykilhlutverki sem samkomustaður.



Umgjörð og yfirbragð :

Möguleikarnir eru miklir, þar sem hver garður hefur sína sérstöðu, byggir á hefðum og á sér ákveðna sögu. Form, útfærslur og skipulag innan svæðanna beri þess merki frá hvaða tíma þau eru, yfirbragð hverfis hefur hér áhrif sem og menningin í borgarhlutanum. Mikilvægt er að vandað verði til verks við hönnun, útfærslur og framkvæmdir þar sem byggt er á ákveðinni hefð innan garðsins, garðsögu sé haldið til haga.


Hluti hverfisgaða geti verið í fóstri, þar sem áhugasamir hafa umsjá og eigi greiðan aðgang að stefnumótun um þróun hverfisgarðsins. Slíkt fyrirkomulag getur auk þess stuðlað að bættri aðstöðu fyrir sértæka notkun, þar sem notendur hafa aukna möguleika á að hafa áhrif á rekstur og umhirðu svæðanna.

Form og upprunalegar útfærslur hverfisgarða skulu í heiðri hafðar, enda mikilvægt að hugað sé að hverfisbrag. Áhersla verði lögð á að velja svæði í þennan flokk sem eru vel staðsett, tryggt verði að aðkoma sé örugg og að svæðin séu vel tengd við stígakerfið. Hér verði lögð áhersla á búnað eins og bekkir, borð, hugsanlega grill og annan búnað sem ýtir undir samveru og eykur vellíðan notendanna. Mikill kostur væri að féлага- og íbúasamtök kæmu að umsjón hverfisgarða með myndun vinnafélags.

Um er að ræða gróin og rúmgóð svæði með vænni grasflöt, fjölbreyttum gróðri, aðstöðu til að slá upp hverfishátíðum, afmælisveislu eða stofna til mannamóta af öðru tagi.

Staðsetning innan hverfis vegur þungt, öruggt aðgengi og góðar tengingar eru lykilatriði.

Þemavellir gætu verið staðsettir í hverfisgarði.



Lykilatriði :

Hverfin eigi hvert sinn hverfisgarð. Hverfisgaður geti innihaldið hefðbundið leiksvæði og þemavöll. Hugað verði að aðstöðu til útikennslu, Skóla- og frístundasvið eigi greiðan aðgang og athvarf í garðinum.

Samvera kynslóðanna, fjölskyldu og vina sé höfð að leiðarljósi við hönnun og útfærslur hverfisgarða. Tekið verði mið af borgarbrag, sögu og garðmenningu.

Stuðlað verði að aðkomu féлага - og íbúasamtaka, Skóla og frístundasviðs auk annars samstarfs. annars samstarfs.

Dæmi um svæði :

Austurberg, Bugðulækur, Granaskjól, Grundargerðisgarður, Gufunessvæðið, Hljómskálagarður, Klambratún, Lynghagaróló, Seljatjörn, Skúlagötugarður

Svæði í fóstur

Hópnum er falið að leggja línur um hvernig leiksvæði verði tekin í fóstur af íbúum og félagasamtökum.

Lagt er til að verklagsreglur vegna leiksvæða í fóstri samanber tillögu sem samþykkt var í borgarráði 8. júlí 2010 verði festar í sessi. Auk þess er lagt til að verklagsreglur verði útfærðar þannig að áhugasömum verði gert kleift að taka gróðurlundi og græn svæði í fóstur. Mikill áhugi er á útfærslunni hjá hverfisráðunum.

Vinafélagið Grímur tók að sér umsjón með leiksvæðinu við Lynghaga við góðan orðstír. Með stuðningi Hverfisráðs Vesturbæjar hefur frumkvæði íbúa og meðlima vinafélagsins stuðlað að virkri þátttöku íbúa. Fyrirkomulagið hvetur notendur til góðrar umgengni, eflir nágrannasamfélagið og þróun svæðis tekur betur mið af þörfum notendanna.



Lykilatriði :

Í samráðsferli um leiksvæðastefnu kom skýrt fram að mikill áhugi er fyrir því að gera áhugasömum aðilum kleift að taka svæði í fóstur.

Vinafélag skipar sér tengilið sem sér um samskipti við ábyrgðarmann hjá Reykjavíkurborg. Verkefni vinafélagsins verði skilgreind og geta eftir atvikum verið unnin í samvinnu við verk- og hverfabækistöðvar borgarinnar.


Samkomulag verði um afmörkun svæðisins með það að markmiði að efla íbúabátttöku við umsjón svæðisins.

Vinafélag hefur umsagnar- og tillögurétt á úrbótum á svæðinu og mun taka virkan þátt í framtíðar skipulags- og stefnumótunarvinnu vegna svæðisins.

Framkvæmdir eru háðar fjárveitingum á hverjum tíma.

Þjónustumiðstöðvar hafi það hlutverk að fóstora samskiptin.

Aukin aðkoma borgaranna að umsjón leiksvæða stuðlar að bættri umgengni og vöktun samhliða því að þróun svæðanna tekur betur mið af óskum notenda.



Viðbrögð hverfisráða

Óskað var eftir viðbögðum hverfisráða við megináherslum leiksvæðastefnunnar. Hugmyndirnar voru kynntar hverfisráðum og miklar umræður urðu um málefnið.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir ráðin:

1. Hefur hverfaráðið athugasemdir við grundvallar markmið stefnunnar ?
2. Hvaða svæði eru lykilleiksvæði í borgarlutanum ?
3. Hvernig sér hverfaráðið fyrir sér að samráð við íbúa og íbúasamtök fari fram við framkvæmdir ?
4. Hvaða tækifæri sjá íbúar til aðkomu þeirra að viðhaldi og rekstri ákveðinna svæða ?



Lykilatriði :

Viðbrögð hverfisráða benda til að megináherslur leiksvæðastefnu falli í góðan jarðveg.

Áhersla er lögð á samráð við nánari útfærslur. Hverfisráð vilja hafa áhrif á áherslur við þróun svæðanna, að samráð fari fram í gegnum leik- og grunnskóla, heimasíðu, með íbúafundum, tryggt sé að þeir sem ekki nota tölvur séu upplýstir og upplýsingum dreift í hús. Lagt er til að auglýst verði eftir áhugasömum aðilum sem vilja taka svæði í fóstur og að hægt verði að taka gróðurlundi og græn svæði í fóstur. Reglur verði festar í sessi.

Öll svæði eru lykilleiksvæði. Mikilvægt er að kynna fyrirhugaðar framkvæmdir vel og tímanlega.

Þáttaka notenda við útfærslur og mat á lykilsvæðum í hverjum borgarluta er lykilatriði við áframhaldandi vinnu við að bæta, efla og styrkja umhverfi barna á öllum aldri í borginni.



Góðar undirtektir voru við tillögum um megináherslur leiksvæðastefnu og umræða varðandi nýjungar á jákvæðum nótum. Skýrt hefur komið fram að næstu skref þurfi að fela í sér mat á þörfinni fyrir fjölda leiksvæða í hverjum borgarluta, huga að framboði á aðstöðu til útiveru, staðsetningu og útfærslum leiksvæða innan hvers hverfis fyrir sig.

Bent var á að dreifing svæðanna er víða ójöfn, að mikilvægt sé að huga sérstaklega vel að svæðum í miðborginni, og að innan hverfis geti umferðaræðar verið hindrandi áhrifaþáttur.

Hugmyndir eru uppi um að hverfisráðin verði milliliðir við kynningu og utanumhald þar sem svæði verða fósturuð af íbúum og félagasamtökum.

Næstu skref

Við stefnumótunavinnuna hefur vinnuhópurinn stuðst við varðaða leið, þar sem fyrir liggja ýmsar stefnur borgarinnar, lög og reglugerðir sem varða málaflokkinn. Hins vegar er ljóst að daglegt umhverfi barna einskorðast ekki við skilgreind leiksvæði.



Vinnuhópurinn hefur því valið að útvíkka skilgreininguna, horfa til umhverfis borgarinnar í heild sinni og leggja áherslu á uppbyggilegt umhverfi með betri borgarbrag, aukin lífgæði og bætta lýðheilsu að leiðarljósi.

Leiksvæðastefnan er eitt skref af mörgum í átt að markvissari nýtingu fjármuna og nýrri nálgun við hönnun og útfærslur leiksvæða.

Til að markmiðum stefnunnar verði náð þarf að gera ráð fyrir að unnið verði að verkefnum eins og aðgerðaráætlun, eflingu heimasíðu borgarinnar, auknu samráði og markvissari miðlun upplýsinga.



Lykilatriði :

Við útfærslur leiksvæðastefnu er nauðsynlegt að huga að heildarsýn. Mikilvægt er að horfa til heildarframboðs aðstöðu til útivistar innan hvers hverfis.

Tillögur stefnunnar miða að auknum fjölbreytileika, samráði við notendur, heildarsýn við þróun og útfærslu leikumhverfis barna á öllum aldri.

Mikilvægt er að við vinnslu hverfisskipulags sé tekið mið af áherslum og framtíðarsýn leiksvæðastefnu.

Miðlun upplýsinga og aukið samráð við notendur taki mið af möguleikum nútíma tækni í samskiptum.

Í kjölfar samþykkrar leiksvæðastefnu er nauðsynlegt að huga að verkefnum sem stuðla að því að áherslur stefnunnar nái fram að ganga.

Brunnar, slóðir og vörður

Brunnar :

Gagn og gaman, rannsóknar og þróunarverkefni, Gláma Kím 2010

Garðfuglar Fuglavernd bæklingur 2007 Fuglaverndarfélag Íslands

Gaboka, Inge Dahlman 2005 Statens vegvesen

Virgni í skólastarfi, Handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla, Lýðheilsustöð Reykjavík 2010

Ýmis verkefni unnin eða í vinnslu á vettvangi borgarinnar: Græna borgin, Grænu skrefin, Gæðastefna, endurskoðun Aðalskipulags Reykjavíkur - umhverfi og útivist, íbúafundir í tengslum við endurskoðun Aðalskipulags Reykjavíkur, vinna við móttöku verklags varðandi Hverfisskipulag. Leiksvæðanorm, verklagsreglur varðandi leiksvæði, notuð sem viðmið í skipulagi unanfarna ártugi. Úttek SBR á borgarhlutum, erindi flutt á starfsdögum...

Ævintýri á gönguför, Uppgötvanir og fróðleikur fyrir börn á leikskólaaldri í miðborg Reykjavíkur Bragi Bergsson 2012.

Ljósmyndir :

Helga Björnsdóttir : Kofaborg, bls. 2 Rólað á Laugavegi, bls. 3. Borgarvefsjá, loftmynd bls. 7
Skóla- og frístundasvið : Vinátta, stúlkur að leik bls. 11.
Vefur Reykjavíkurborgar : borgarstjóri bls. 9, tónleikar bls. 10.
Vinafélagið Grímur, eldir borgarar og blöðrur bls. 9.
Aðrar myndir : Margrét Sigurðardóttir.

Kort :

Vefur Reykjavíkurborgar: Hverfin í Reykjavík bls. 10.
Björn Ingi Edvardsson kort yfir leiksvæði í vesturbæ bls. 9.

Vörður :

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna
Erindisbréf
Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar 2011 - 2020
Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.
Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2009-2012.
Reglugerðum öryggi á leiksvæðum
Samgöngustefna Reykjavíkur
Skipulags- og byggingarlög
Stöðugreining og stefnumörkun skólalóða 2004
Umhverfisstefna Reykjavíkur
Verklagsreglur vegna Leiksvæða í fóstur

Fylgiskjöl :

Erindisbréf
Erindi send til hverfisráða
Verklagsreglur vegna Leiksvæða í fóstur
Niðurstöður vettvangsathugana og leiksvæðakönnunar sumarið 2011



Áhugaverðar slóðir :

<http://www.kk.dk/Borger/ByOgTrafik/GroenneOmraader/Legepladser.aspx>
<http://www.malmo.se/Medborgare/Idrott--fritid/Ung-Fritid/Lekplatser.html>
www.lydheilsustod,
Borgarvefjá : <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Stýrihópur:

Stefán Benediktsson formaður, Karl Sigurðsson
Hermann Valsson, (Kristín Þorleifsdóttir), Heimir Björn
Janusarson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

Sérfræðingar á FER, SBR, SFR, USR:

Auður Árný Stefánsdóttir, Björn Axelsson, Björn Ingi Edvardsson,
Guðrún S Hilmisdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Ómar Einarsson

Verkefnisstýra : Margrét Sigurðardóttir landslagsarkitekt FÍLA